

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 1042/2003 um inntöku nýnema í læknisfræði og sjúkraþjálfunarfræði í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. 2., 3. og 4. málslíður 2. mgr. orðast svo: Gildi þessara prófhluta er 30% af heild. Þessir prófhlutar verða á formi krossaprófs en stuttar ritgerðir geta einnig verið í spurningum um siðfræðileg álitamál. Þessir prófhlutar byggja ekki á ákveðnu námsefni.
- b. 1. málslíður 3. mgr. orðast svo: Í hinum prófhlutunum, sem gilda 70% af heildinni, verða lagðar fyrir krossaspurningar.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu heilbrigðisvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 9. mgr. 102. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 9. mars 2020.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.